


Desemberuppbot

Síðast uppfært 25.11.2024

Starfsmenn sem greiða í stéttarfélag eiga rétt á desemberuppbot samkvæmt kjarasamningum. Rétt er að kanna fjárhæð desemberuppbotar og hlutfall hjá þeim stéttarfélög sem starfsmenn ykkar eru í. Í þessum leiðbeiningum er miðast við að desemberuppbot sé 106.000 kr, sbr. Efling og VR.

Launakerfi Stólpa


Byrja skal á því að fara í *Kjarasamningar*, velja þar samning númer **1 Sjálfgefinn gildi** og flipann **Fastar upphæðir**. Þar skal fastsetja krónutölu fyrir launaliðinn **Desemberuppbot** það árið.



ATH í öðrum samningum (t.d. númer 100, 200 o.s.frv.) hvort þess launaliður hafi verið fastsettur þar og eyðið þá út þar, aðeins skal fastsetja í samningi 1.

Stólpi getur reiknað út hversu háa fjárhæð af desemberuppbot hver launþegi hefur rétt á miðað við síðustu 12 mánuði.

Það er gert í **Mánaðarlegar útskriftir** – Velja skal síðustu 12 útborganir – **Launayfirlit** og tegund **C**, næst skal slá inn upphæð desemberuppbotar fyrir 100% starf og **Staðfesta**. Stólpi birtir þá skýrslu yfir starfsmenn og hversu háa upphæð þeir hafa rétt á. Auðvelt er að varpa þessari skýrslu yfir í Excel og vinna með hana þar ef á þarf að halda.



ATH skýrslan tekur ekki mið af þeim launþegum sem eru búnir að vinna minna en 12 vikur en eru í starfi fyrstu viku í desember. Það þarf því að bæta þeim við sérstaklega.

Orlofs- og desemberuppbót


Uppbót miðað við fullt starf: 92.000

Farið vel yfir að tölur séu réttar sérstaklega ef laun eru greidd án þess að skrá dagvinnutíma. Lámárgsvikufjöldi er 12 vikur og 45 vikur eða meira gefur fulla uppbót.

Launþegi	Vinnuskipti	Ummær vikur	Starfsstufti	Uppbót	Starfsstundir
	300,00	8,74	100	0	1,23
	1.790,00	47,63	100	92.000	1,02
	0,00	0,00	100	0	4,24
	100,00	2,71	100	0	2,91
	30,00	0,81	100	0	0,74
	880,00	23,92	100	48.888	9,19
	1.920,00	51,98	100	92.000	25,33
	1.920,00	51,98	100	92.000	13,24
Samtals:	8.810,00	107,00		324.888	

Fjöldaskráning á launþega

Í **Skráning** launa er valinn flipinn **Fjöldaskráning - úrtak launþega** - launþegar valdir með því að dekkja þá og ýta svo á **Staðfesta**



Síðan skal velja:

Launaliður 155 - Desemberuppbót

Magn 1,0 (nauðsynlegt að vera búið að fastskrá krónutöluna í kjarasamningar)

Skrá færslu

Stólpi mun þá skrá sjálfvirkt viðkomandi launalið á alla valda launþega.

ATH með þessu fá allir 100% uppbót. Munið að lagfæra skal þá launþega sem eiga að fá hlutfallslega uppbót.

Að öðrum kosti þarf að slá inn launaliðinn á hvern og einn og það hlutfall sem hver og einn hefur rétt á.

Þjónustuborð Stólpa aðstoðar þá sem þess óska, s. 512-4400, alla virka daga frá kl. 9-16.

